

son, kr. 1.000.000.00 ásamt 7% vöxtum p.a. frá 17. september 1959 til greiðsludags og kr. 45.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 71/1961. **Ákærvaldið** (Árni Guðjónsson hrl.)
 gegn

Þóri Jónssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Of hraður akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn.

Leitt hefur verið í ljós, að sakavottorð það, sem getur í héraðsdómi, á eigi við ákærða, en samkvæmt fæðingarvottorði, dags. 19. júní 1961, er hann fæddur á Blönduósi hinn 18. apríl 1922, og samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur hann, áður en héraðsdómur í máli þessu gekk, sætt í Reykjavík eftirtöldum refsingum:

1. 1946 28/6 Sátt, 200 króna sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. bifreiðalaga.
2. 1958 2/1 Sátt, 150 króna sekt fyrir ölvun.

Að kröfu sækjanda hefur bifreiðaeftirlit ríkisins hinn 25. apríl 1961 vottað þetta um þyngd og gerð bifreiðarinnar R 1483: Bifreiðin er Volvo, gerð fyrir 46 farþega. Smíðaár hennar er 1954. Þá er bifreiðin var skráð ný, 28. janúar 1955, reyndist þyngd hennar 8800 kg.

Að beiðni sækjanda hefur bifreiðaeftirlit ríkisins látið framkvæma athugun á ökuhraða lögreglubifreiðarinnar R 4010 frá vegamótum benzinstöðvar Shell við Reykjanesbraut að Miklatorgi, og segir um þessa athugun í bréfi eftirlitsins, dags. 8. júní 1961:

„Við undirritaðir bifreiðaeftirlitsmenn framkvæmdum at-

hugun á ökuhraða lögreglubifreiðarinnar R 4010 frá vegamótum benzínstöðvarinnar að Miklatorgi. Vegalengdin reyndist vera samkvæmt mælingu lögreglunnar, en lögreglan aðstoðaði við athugunina, 599.75 metrar.

Bifreiðin R 4010 var staðsett á hægri kanti á efri veginum, er liggur að benzínstöðinni, eða þar sem lögreglan telur sig hafa verið í umrætt skipti, þegar hún kærði bifreiðina R 1483 fyrir of hraðan akstur.

Lögreglubifreiðinni R 4010 ókum við inn á Reykjanesbrautina og þá leið, er bifreiðinni R 1483 var ekið í umrætt skipti. Þegar lögreglubifreiðinni hafði verið ekið 123.45 metra frá þeim stað, er hún var staðsett, var hún komin á 70 km hraða, og héldum við þeim hraða að þeim stað, er lögreglan mun hafa stöðvað R 1483, og mældist sú vegalengd 476.05 metrar, en vegalengdin frá þeim stað, sem bifreiðin var staðsett, að Miklatorgi 640 metrar.

Magnús Wíum. Hörður Jónsson.“

Í vottorði veðurstofunnar, sem sækjandi hefur aflað um veður í Reykjavík 8. desember 1959, segir, að snjóhula hafi verið að morgni, en hiti yfir frostmark, er á daginn leið, og lengst af rigning eða súld fram til kl. 1700.

Hámarkshraði bifreiða var hinn 8. desember 1959 á þeim vegarkafla, er í máli þessu greinir, 35 km, miðað við klukkustund, sbr. auglýsingu nr. 95/1958.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þórir Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar og Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmannna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1960.

Ár 1960, föstudaginn 11. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu embættisins af Jóni A. Ólafssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 7775/1960:

Ákærvaldið gegn Þóri Jónssyni, sem dómtekið var 8. þ. m. Málið var með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 19. september, höfðað gegn ákærða, Þóri Jónssyni bifreiðarstjóra, Miklubraut 40, hér í bæ, fyrir of hraðan akstur bifreiðarinnar R 1483, er hann um kl. 1425 þriðjudaginn 8. desember s.l. ók henni eftir Reykjanesbraut, en á vegarkafli milli benzínsölu Shell og Miklators mældist hraði bifreiðarinnar allt að 70 km á klst.

Enn fremur er hann ákærður fyrir að hafa ekki haft hraðamæli bifreiðarinnar í lagi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., d-lið 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930, sbr. auglýsingu nr. 95/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fædur 22. apríl 1922 á Blönduósi og hefur samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins, dagsettu 8. september 1960, hvorki sætt kærú né refsingu, svo kunnugt sé.

Þriðjudaginn 8. desember 1959, klukkan um 1425, voru lögreglumennirnir Jón Þorgrímur Jóhannsson og Gísli Guðmundsson staddir í bifreiðinni R 4010 við Reykjanesbraut. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni R 1483, sem ekið var norður brautina. Þar eð þeir töldu, að bifreiðinni væri ekið of hratt, þá veittu þeir henni eftirför og mældu hraða hennar með jöfnu bili milli farartækja á vegarkafli frá benzínsölu Shell og að Miklatorsgi. Reyndist hraði lögreglubifreiðarinnar þá vera 70 km miðað við klukkustund. Stöðvuðu lögreglumennirnir því akstur bifreiðarinnar R 1483 og tóku stjórnanda hennar tali. Reyndist hann vera

ákærði í máli þessu, Þórir Jónsson, og tjáði hann löggæzlumönnum, að hraðamælir bifreiðar sinnar væri óvirkur.

Báðir lögreglumennirnir hafa komið fyrir dóm í máli þessu og gefið skýrslu, staðfesta með eiði, um atburðinn.

Jón Þorgrímur Jóhannsson skýrði svo frá: Umrætt sinn voru lögregluþjónarnir staddir í bifreiðinni R 4010 við „efri“ innkeyrslu að benzínafreiðslu Shell við Reykjanesbraut. Þá var bifreiðinni R 1483 ekið geyst norður nefnda braut og framhá innkeyrslunni. Lögreglumennirnir hófu þegar eftirför og náðu brátt bifreiðinni R 1483, og síðan óku þeir á eftir henni í 200—300 m fjarlægð. Þá sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 70 km hraða, miðað við klukkustund.

Vitnið gat þess einnig, að bifreiðin R 4010 hafi umrætt sinn verið með sinni upprunalegu hjólbarðastærð og að hraðamælir hennar hafi verið borinn saman við mæla annarra lögreglubifreiða, og enginn mismunur hafi komið fram.

Lögreglumaðurinn Gísli Guðmundsson hefur skýrt svo frá, að lögreglubifreiðinni hafi verið ekið með 80—90 km hraða, er þeir hafi verið að elta bifreiðina R 1483 uppi. Þegar bifreiðunum var ekið hvorri á eftir annarri með jöfnu bili, þá sýndi mælir bifreiðarinnar R 4010 70 km hraða, miðað við klukkustund. Vitnið kveðst hafa fylgzt vel með hraða R 4010, er áður nefndur akstur fór fram, enda ók hann ekki.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt, að hraðamælir bifreiðar sinnar hafi verið óvirkur. Hins vegar taldi hann útilokað, að hann hafi ekið með meira en 40—50 km hraða, miðað við klukkustund, þegar greiðast var ekið.

Fyrir dóm hafa komið tvö vitni, Sveinn Eiríksson Sveinsson og Jóhann Guðnason, sem voru farþegar í bifreiðinni R 1483 umrætt sinn. Hvorugt þeirra gat fylgzt með hraðamæli bifreiðarinnar, þar eð annað sat um miðbik og hitt aftan til í bifreiðinni R 1483. Bæði vitnin töldu þó, að ákærði hafi þessu sinni eins og alltaf, er þau hafa ferðast með honum, ekið gætilega og eðlilega.

Þrátt fyrir neitun ákærða verður dómariinn að telja, að með vætti lögreglumannanna Jóns Þorgríms Jóhannssonar og Gísla Guðmundssonar sé sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali og þar er réttilega færð til refsíákvæða, sbr. þó einnig nú „Auglýsingu um aðalbrautir og hámarkshraða á þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur, Gullbringu, Kjósar- og Árnassýslu“ frá 15. júlí 1960.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr.

26/1958 og 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Einnig ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þórir Jónsson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, ella sæti hann varðhaldi í 4 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 35/1961. **M** (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

K (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun barnsfaðernismáls.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. febrúar 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. s. m. og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Í hinum áfrýjaða dómi eru málsatvik alls eigi rakin, og eigi metin svo sem vera ber í barnsfaðernismáli. Er þessi meðferð brýnt brot á meginreglum 1. mgr. 193. gr. og 214. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á dómmin-